

Alþingi
Erindi nr. P 126/2412
komudagur 7.5.2001



Félag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga

FOREGNINGEN AF
ISLANDSKE ØKONOMER

THE ASSOCIATION OF
ICELANDIC ECONOMISTS

P.O. BOX 5184 · 125 REYKJAVÍK · ICELAND

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2001.


EFNI: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 27/1981 um rétt til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing.

Legið hefur ljóst fyrir, að með tilkomu fleiri skóla á háskólastigi en Háskóla Íslands sem bjóða kennslu í viðskiptatengdu námi, að tímabært er að breyta lögnum. Árið 1998 skipaði Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á þessum lögum. Nefndin skilaði af sér tillögum og voru þær sendar með greinargerð til menntamálaráðherra í maí 1998 en engin viðbrögð hafa enn fengist. Því skrifaði FVH ráðherra bréf 20. mars sl. með endurskoðuðum tillögum en við því hafa heldur engin viðbrögð fengist. Stjórn FVH undrast að það frumvarp sem hér er til umsagnar skuli koma svo seint fram þar sem miðað er við að lögin taki gildi 1. júní nk.

FVH ítrekar því tillögu sína sem send var til menntamálaráðherra en hún er á þá leið að í nýju lögnum verði aðgreint starfsheiti þeirra sem tekið hafa framhaldsnám í viðskiptafræði eins og Cand.ocean gráðu og meistaragráðu frá þeim sem hafa B.Sc. gráðu. Tillagan miðast við að starfsheitið rekstrarfræðingur verði lögbundið og notað fyrir þá sem útskrifaðir eru eftir þriggja ára nám með B.Sc. gráðu í viðskiptatengdu námi (a.m.k. 90 einingar), óháð frá hvaða skóla er útskrifast, þ.m.t. HÍ. Starfsheitið viðskiptafræðingur verði notað fyrir þá sem lokið hafa framhaldsnámi umfram B.Sc. gráðu, þ.m.t. meistaranám í viðskiptafræðum og Cand.ocean (fjögurra ára nám) frá Háskóla Íslands.

Ástæða þess að FVH leggur fram slíka tillögu er að gæta hagsmuna þeirra sem hlotið hafa rétt til þess að nota starfsheitið viðskiptafræðingur og jafnframt stuðla að því að auka gildi þess og virðingu. Um 2700 manns hafa titilinn viðskipta- eða hagfræðingur á Íslandi í dag. Þetta fólk hefur þurft að hafa talsvert fyrir sínu námi og langflestir þeirra eða um 90% eru viðskiptafræðingar með fjögurra ára háskólapróf frá HÍ þ.e. Cand.ocean gráðu. FVH telur eðlilegt að gerður sé greinarmunur á starfsheiti þeirra sem annars vegar hafa þriggja ára grunnnám að baki og hinna sem hafa lokið einu eða fleiri árum í framhaldsnámi.

Virðingafyllst,
f.h. stjórnar FVH


Kristján Jóhannsson,
formaður